

# 300. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FÖSTUDAGUR 1. NÓVEMBER 2019 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
  - a) Fjárhagsáætlun ársins 2020
  - b) Kauptilboð í hluta Skeggjastaða, Langanesbyggð
- 3) Kirkjuþing 2019
  - a) Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna (endurnýjun)
  - b) Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1027/2007, með síðari breytingum (Niðurlagning prestssetra)
  - c) Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna
  - d) Tillaga til þingsályktunar um breytingu á fasteignastefnu (auglýsingaskylda v/ leigu)
  - e) Ákvörðun um flutningsmenn mála kirkjuráðs og tillaga um vísun til þingnefndar
- 4) Skálholt
  - a) Tilfærsla reikningshalds Skálholts
- 5) Önnur mál
  - a) Skipun aðalmanns í teymi þjóðkirkjunnar (er starfar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og fjallar um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar)
  - b) Bréf frá séra Þóri Stephensen, frá fyrri fundi

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri biskupsstofu, Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

---

## 2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

### a) Fjárhagsáætlun ársins 2020

Fram var haldið umræðu um fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar vegna ársins 2020, sem lögð var fram á síðasta fundi kirkjuráðs. Fyrir fundinum lá fundargerð fjármalahóps kirkjuráðs, dagsett 22. október 2019.

Kirkjuráð samþykkti drög að fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar til að leggja fram með máli 2 á kirkjuþingi 2019, sem sett verður á morgun, laugardaginn 2. nóvember.

### b) Kauptilboð í hluta Skeggjastaða, Langanesbyggð

Kauptilboð í hluta prestssetursjarðarinnar Skeggjastaða, Langanesbyggð, dagsett 5. október sl., lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að hafna tilboðinu.

### c) Skrifstofustjóri Biskupsstofu, umboð til undirritunar

Kirkjuráð samþykkti að veita Guðmundi Þór Guðmundssyni, skrifstofustjóra Biskupsstofu, umboð til að undirrita afsal og önnur skjöl vegna kaupa kirkjumálasjóðs á fasteigninni Sunnuvegi 4, Þórshöfn.

---

## 3. KIRKJUÞING 2019

---

### a) Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir endurnýjaðri söluheimild kirkjuþings á þeim fasteignum sem heimild var veitt fyrir á kirkjuþingi 2017. Nokkrar eignir hafa verið seldar samkvæmt þeirri heimild og er gerð grein fyrir þeim í málinu.

### b) Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1027/2007, með síðari breytingum (Niðurlagning prestssetra)

Kirkjuráð samþykkti að flytja tillögu um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1027/2007, með síðari breytingum er varðar niðurlagningu prestssetra.

### c) Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna

Með hliðsjón af samþykkt kirkjuráðs í b. lið samþykkti kirkjuráð að leggja fram á kirkjuþingi tillögu að þingsályktun um sölu tiltekinna fasteigna (prestssetra) sem þar greinir.

d) *Tillaga til þingsályktunar um breytingu á fasteignastefnu (auglýsingaskylda v/ leigu)*

Kirkjuráð samþykkti að fela skrifstofustjóra að vinna drög að breytingum á fasteignastefnu kirkjunnar, eins og rætt var um á fundinum.

e) *Ákvörðun um flutningsmenn mála kirkjuráðs og tillaga um vísun til þingnefndar*

Kirkjuráð skipti með sér verkum um hver annast um flutning mála kirkjuráðs á kirkjuþingi.

---

#### 4. SKÁLHOLT

---

a) *Tilfærsla reikningshalds Skálholts*

Kirkjuráð samþykkti að reikningshald vegna Skálholtsstaðar og Skálholtsskóla verði frá og með 1. janúar 2020 á hendi Skálholtsstaðar. Umsjón með endurskoðun reikninga verður á hendi Biskupsstofu.

---

#### 5. ÖNNUR MÁL

---

a) *Skipun aðalmanns í teymi þjóðkirkjunnar (er starfar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og fjallar um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar)*

Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirfarandi fulltrúa í teymi þjóðkirkjunnar: Braga Björnsson, lögfræðing, Karl R. Einarsson, geðlækni og Rögnu Björgu Guðbrandsdóttur, félagsráðgjafa.

d) *Bréf frá séra Þóri Stephensen, frá fyrri fundi*

Kirkjuráð samþykkti að endursenda óopnað umslag séra Þóris Stephensen sem lagt var fram á síðasta fundi kirkjuráðs.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:15.

Næsti fundur kirkjuráðs er áætlaður 12. nóvember nk.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Þorvaldur Víðisson  
biskupsritari

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Svana Helen Björnsdóttir

---

Stefán Magnússon